

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 16. tbl. 8. árg. 4. desember 2014

Myndir augnabliksins eru teknar af heimasíðu Glerárskóla og sýna Veturnáttahátíð í 9. bekk



7. bekkur Glerárskóla malar jólamyndir í glugga.

Nemendur í 7. bekk fengu það verkefni að mála jólamyndir á glugga í fyrirtæki hér í bæ. Þau höfðu undirbúið sig mjög vel, teiknað og stækkað myndir og voru tilbúin að takast á við verkefnið. Vinnan gekk mjög vel. Þau luku verkefninu með sóma og fengu súkkulaði og smákökur að verki loknu.



Höfðingleg gjöf til Naustaskóla.

Á dögunum barst Naustaskóla höfðingleg gjöf frá fjórum nemendum skólans en þar er um að ræða safn fugla sem er til sýnis í skápum við náttúrufræðistofu skólans.

Gjöfinni fylgdi skjal með svohljóðandi texta: "Hér með er Naustaskóla fært að gjöf safn fugla sem afi okkar, Stefán Baldursson, safnaði og stoppaði upp. Tilgangur gjafarinnar er að vekja áhuga nemenda skólans á náttúru Íslands og stuðla að aukinni vitund þeirra um það fjölskrúðuga fuglalíf sem hér á landi er. Í safninu má finna 25 fugla, bæði stóra og smáa. Með kærri kveðju og von um ys og þys við fuglaskápinn, Monika Birta og Friðrika Vaka Baldvinsdætur, Atli og Baldur Ásgeirssynir"

Naustaskóli þakkar kærlega fyrir þessa góðu gjöf og hvetur nemendur og foreldra til að gefa sér góðan tíma til að skoða safnið.



Dagur íslenskrar tónlistar 5. desember.

Föstudaginn 5. desember verður Dagur íslenskrar tónlistar haldinn hátíðlegur og af því tilefni munu allar útvarpsstöðvar landsins spila þrjú íslensk lög samtímis kl. 11.15. Íslendingar geta því sameinast við viðtækin og sungið lög til heiðurs íslenskrri tónlist. Markmiðið er að fá sem flesta til að kveikja á útvarpinu klukkan 11.15 og syngja með. Tilvalið er að safnast saman á sal þar sem slíkur er til afnota til að allir geti sameinast í söng.

Sjá nánar: <http://www.stef.is/media/vefmyndir/stef/SyngjumSaman.pdf>

Íslenska sem annað mál - nýtt fréttabréf.

http://akmennt.is/erlendir/frettabref_8.tbl_3.arg_nov_des_2014.pdf

Vekjum einnig athygli á vefsíðu Helgu Hauksdóttur námsráðgjafa skóladeildar þar sem er að finna allskyns upplýsingar um verkefni fyrir nemendur með íslensku sem annað mál. Einnig er þar að finna allskonar fróðleik. Núna má þar t.d. finna fjölbreytt efni tengt jólum og jólasíðum <http://akmennt.is/erlendir/jolasida.htm>

Þar er einnig að finna upplýsingar um íslensku jólasveinana á pólsku og margt, margt fleira

<http://akmennt.is/erlendir/islensku%20jolasveinarnir-polska.pdf>

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrisey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.